

Jón Hilmar Jónsson:

## **Til bragðbætis:**

### **Um dæmi og dæmanotkun í orðabók Blöndals**

#### **1 Inngangur**

Orðabók sem ekki getur státað af notkunardæmum í einhverri mynd verður naumast talin fullgild orðabók nema hún eigi að gegna mjög sérhæfðu hlutverki. Með vissri einföldun má reyndar segja að skilin milli orðabókar annars vegar og orðasafns eða orðaskrár hins vegar markist ekki síst af því hvort orðin eru sýnd í samhengi eða hvort látið er duga að segja deili á einkennum þeirra, og þá einkum merkingu, með stuttum og einföldum skýringum.

Gildi notkunardæma, staða þeirra og fyrirferð er með ýmsu móti í almennum orðabókum. Þar ræður miklu hvernar tegundar orðabókin er, svo sem hvort hún er ein- eða tvímála, hvort hlutverkið miðast við að greiða fyrir skilningi eða það er fremur bundið leiðsögn um málbeitingu, og að hvaða marki frumefniviður bókarinnar er uppistaðan í orðabókartextanum. Þó að meginhlutverk notkunardæma sé fólgið í því að sýna eða staðfesta tiltekinn eiginleika orðs (eða annarrar orðasafnseiningar), endurspeglar málreglu sem gildir um orðið sem verið er að lýsa, er hvert og eitt dæmi sjaldnast einskorðað við eitt áþreifanlegt einkenni heldur fara þar saman ólíkir eiginleikar (sjá m.a. Nikula 1995). Þær upplýsingar sem dæmi býr yfir (t.d. um merkingu eða setningargerð) eru og að jafnaði ífólgnar, þ.e. þær má lesa út úr dæminu, en eru ekki beinlínis tilgreindar sem upplýsingar af ákveðnu tagi. Dæmi geta því verið býsna gildar einingar í orðabókartextanum og eru ekki aðeins til stuðnings beinum umsögnum um atriði eins og merkingu heldur geta að meira eða minna leyti komið í stað slíkra umsagna.

Tegundagreining notkunardæma er nokkrum vandkvæðum bundin, ekki síst vegna þess hversu algengt er að í þeim fléttist saman mismunandi hlutverk. Auk þess hafa

dæmi löngum verið harla óskýrt afmarkað efnisatriði í orðabókum, sérstaklega að því er varðar stöðu þeirra gagnvart orðasamböndum af ýmsu tagi, sem oft og tíðum eru mjög svo fastbundnar einingar, jafnvel svo að þær krefjast sérstakra merkingarskýringa sem órofa heild. Hér verður ekki gerð tilraun til að greiða úr þessum vanda, aðeins dregið á nokkur aðgreinandi atriði sem oft eru dregin fram þegar reynt er að greina á milli ólíkra tegunda orðabókardæma og gagnlegt er að hafa í huga áður en farið er að rýna í það fjölbreytta safn notkunardæma sem fólgið er í orðabók Sigfúsar Blöndals (um fjölbreytni orðabókardæma er m.a. fjallað hjá Bergenholtz og Tarp 1994:138–144, Harras 1989 og Jacobsen, Manley og Pedersen 1991).

Ein megináðgreiningin er fólgin í því að annars vegar er um að ræða raunsönn dæmi, þ.e. dæmi sem tekin eru óbreytt úr (oftast tilgreindri) málheimild, hins vegar tilbúin dæmi, sem ritstjóri eða orðlýsandi semur sjálfur eftir því sem orðlýsingin útheimtir eða gefur tilefni til.

Í öðru lagi er dæmum ætlað ólíkt hlutverk að því leyti að sum eiga fyrst og fremst að vera lýsandi um dæmigerð einkenni þess orðs sem fengist er við, önnur eru einkum tilgreind til staðfestingar á því að (undanfarandi) umsögn eða skýring í orðabókartextanum eigi sér stoð í málnotkuninni.

Í þriðja lagi er framsetning dæma mismunandi eftir því hvort verið er að birta tiltekna orðskipan, þar sem setningarlegt form er tekið fram yfir áþreifanlegt orð, til marks um breytileika innan einstakra liða, eða hvort verið er að sýna einstakt notkunartilvik, þar sem orðið birtist í dæmigerðu samhengi.

Loks er að nefna að annars vegar taka notkunardæmi til heilla setninga eða stærri eininga sem mynda sjálfstæða tjáningarlega heild, hins vegar geta þau verið takmörkuð við setningarhluta.

## 2 Hugtakið dæmi og dæmategundir í orðabók Blöndals

Orðabók Sigfúsar Blöndals er efnismeiri en nokkur önnur íslensk orðabók og hún er ríkulega búin dæmum um notkun orðanna. Þar kennir margra grasa ef svo má segja, eins og best kemur fram þegar litið er til þeirra efnisatriða sem beinlínis eru auðkennd sem dæmi (þ.e.a.s. „eksempler“) í stórum tvískiptum orðsgreinum, þar sem fyrri hlutinn er flokkuð lýsing (einkum eftir merkingu) og síðari hlutinn hefur yfirskriftina „Ekspl.“ (sbr. t.d. sagnirnar *bera*, *draga*, *fara* og *gefa*). Þegar borið er niður í dæmahluta sagnarinnar *bera*, utan við merkingarflokkaða lýsingu orðsins, verða fyrir harla sundurleit efnisatriði, þar sem greina má eftirtaldir megingundir:

**Mynsturdæmi.** Dæmið hefur að geyma orðskipan þar sem í stað nafnorðs eða nafnliðar er tilgreind viðeigandi skammstöfun fornafnsins *einhver*, til marks um tiltekið setningarmynstur:

*það ber á e–u*, n–t mærikes, n–t viser seg tydeligt, kommer for Dagen, falder i Øjnene, vækker Opsigt

*e-ð ber upp*, n-t rager op [...]; — n-t føres el. trækkes op

**Tilviksdæmi.** Dæmið er sett fram í mynd heillar setningar til marks um dæmigerða notkun:

*það fór að bera á geðveiki hjá honum, der begyndte at vise sig Spor af Sindsyge hos ham*

*han bar lát konu sinnar vel, han bar sin Hustrus Død som en Mand*

**Orðastæða.** Um er að ræða orðasamband þar sem orð kemur fram með algengu eða föstu fylgdarorði, án þess að eiginleg merking orðanna raskist eða umbreytist (í átt til myndhverfingar):

*bera traust til e-s = treysta e-m*

**Orðtak.** Dæmið er fast orðasamband sem myndar merkingarlega heild með umbreyttri merkingu miðað við þá merkingu sem fólgin er í hverju orði fyrir sig:

*bera í bæti fláka fyrir e-n, undskylde*

**Málsháttur.** Dæmið er meitlað orðasamband í mynd heillar setningar sem felur í sér almenn sannindi:

*ber vitni, þá báðir ljúga (SchMál.), naar bægge Parter lyver, maa der Vidner til*

**Heimildardæmi.** Dæmið er sótt í orðrétttri mynd til tilgreindrar heimildar:

*þess vegna var best að leiða það hjá sjer ... nóg var samt til að bera niður á, og það af öllu verra tægi (der var nok alligevel til at slaa ned paa, af hvad der var ikke saa lidt værre) (JTrGst. I. 140)*

*í sporin hans renning og brunasand ber (GFr. Úh. 115), Rendfog og Vulkansand driver hen og dækker hans Spor*

Hér er um býsna sundurleit efnisatriði að ræða þar sem að nokkru má greina þau flokkunarmörk sem nefnd voru hér að framan. Sumpart er greinarmunurinn setningarlegs eðlis, þar sem dæmin geta ýmist verið setningarhluti (mynsturdæmi, orðastæður, orðtök), heil setning (tilviksdæmi, málshættir) eða jafnvel enn stærri heild (heimildardæmi). Í annan stað greinast dæmin að eftir því hvort þau virðast mótuð af þeim sem semur orðabókartextann (mynsturdæmi, orðastæður), sótt óbreytt til tiltekinnar heimildar (heimildardæmi) eða eru tilgreind án ummerkja um heimild eða tilverknað ritstjóra (tilviksdæmi). Í þriðja lagi er um mismunandi hlutverk að ræða, þar sem annars vegar er verið að staðfesta tiltekna notkun eða merkingu (heimildardæmi), hins vegar verið að birta dæmigerð einkenni orðsins (mynsturdæmi, tilviksdæmi).

Hér kemur fram það sem nefnt var í upphafi, að hlutverk þessara efnisatriða er samslungið, málsháttur getur t.d. birt tiltekin setningareinkenni og heimildardæmi getur falið í sér orðtak eða beinlínis verið ætlað að sýna notkun þess. Áður en ég kem nánar að dæmum og dæmanotkun í orðabók Blöndals langar mig að staldra ögn við stöðu efnisatriða af þessu tagi gagnvart þeim sem semur orðabókarlýsinguna og huga að mismunandi ástæðum fyrir aðild þeirra að textanum.

Með mikilli einföldun, og fyrirvörum um ólíkar aðstæður í einstökum tegundum orðabóka, má segja að sá sem semur textann sé annars vegar að fást við efnisatriði sem spretta fram og mótast við sjálfa orðlýsinguna, atriði sem hann setur fram til að sýna notkun orðsins í tilteknu hlutverki eða merkingu. Þetta á sérstaklega við um mynsturdæmi, sem birta setningarleg einkenni, og lýsandi dæmi í fyllri mynd. En heimildardæmi geta einnig verið dregin inn í textann á þessum forsendum, þannig að ritstjórinn svipist um eftir staðfestum dæmum um tiltekið einkenni, t.d. leiti þeirra í tölvutækum texta.

Hins vegar er um að ræða atriði sem leita beinlínis inngöngu í orðabókartextann og móta hann að meira eða minna leyti. Þetta á oft við um heimildardæmi sem eru til marks um athyglisverða eða frumlega notkun orðsins, og í sumum tegundum orðabóka liggja heimildardæmi reyndar að miklu leyti til grundvallar orðabókartextanum.

Orðtök hafa athyglisverða stöðu í þessu sambandi. Merkingarlega eru þau illa til þess fallin að sýna dæmigerð einkenni þess flettiórðs sem um ræðir, enda liggur ekki beint við að ákveða hvar þau eigi helst heima. Á hinn bóginn mynda þau formlega sterka heild og merkingarleg sérstaða þeirrar heildar gagnvart einstökum orðum sem hún er mynduð af knýr á um að þeim séu gerð skil í orðabókartextanum.

Málshættir eru jafnvel enn skýrari dæmi um efnisatriði sem leita inngöngu í orðabókartextann vegna eigin verðleika, ef svo má segja. Einkenni þeirra sem meitlaðra spakmæla hljóta alltaf að yfirgnæfa það hlutverk sem þeim gæti verið ætlað sem lýsandi dæmum um tiltekið merkingarabrigði eða setningargerð.

Það er ekki vandalaust að semja orðabókarlýsingu sem byggð er á traustum og sýnilegum efniviði en dregur jafnframt fram megineinkenni orðanna, tengir saman samstæð atriði og birtir lesendum aðgengilega heildarmynd. Þessi vandi er víða áþreifanlegur í orðabók Blöndals og speglast ekki síst í meðferð og framsetningu notkunardæma.

### 3 Setningarbundin dæmi, þrjár megintegundir

Í þeirri lauslegu umfjöllun sem hér fer á eftir takmarka ég hugtakið notkunardæmi í aðalatriðum við þau dæmi sem fram koma í mynd heilla setninga (eða stærri textaeininga) eða bera með sér að um styttrar setningar er að ræða. Slík afmörkun er í samræmi við þann skilning sem almennt er lagður í hugtakið notkunardæmi innan orðabókarfræðinnar þó að hún eigi sér hins vegar ekki beinlínis stoð í efnisskipan þess orðabókartexta sem hér er verið að skoða, eins og fram hefur komið. Hér er ekki um neina heildarathugun að ræða enda ekki hlaupið að því að kryfja allt dæmaefni bókarinnar. En til þess að fá sem heillegasta mynd hef ég athugað heilan stafkafla, nánar tiltekið stafkaflann **b**, alls

u.þ.b. 70 blaðsíður og þar með því sem næst 7% af texta bókarinnar í heild. Ætla má að slíkt sýnishorn dugi til að leiða í ljós öll megineinkenni, og á grundvelli þess má einnig, með sjálfsgögðum fyrirvörum, áætla heildarfyrirferð dæma og einstakra dæmategunda.

Þó að greint sé á milli heimildardæma með heimildartilvísun og ritstjórnardæma (tilbúinna dæma) verður að hafa í huga að skilin geta í raun verið óljósari en við blasir í fljótu bragði, því að ritstjórnardæmi eru oft samin með hliðsjón af heimildardæmum (einfölduð eða stytta heimildardæmi) og heimildardæmi sem skortir tilvísun til heimildar getur komið notendum fyrir sjónir sem venjulegt ritstjórnardæmi. Í orðabók Blöndals eru báðar þessar gerðir fyrirferðarmiklar. Og reyndar koma fram dæmi sem segja má að séu á mörkum þessara tegunda, þegar aðeins er vísað til málsvæðis þar sem tiltekin notkun eða merking er þekkt:

*jeg skal gefa þjer hjerna **blínu** fyrir skóinn þinn (ASkaft.)*

*það **bosar** í sporin, Fodsporene udviskes af Rendfog (Breidd.)*

Hér verður þó ekki gert ráð fyrir slíkum dæmum sem sérstökum flokki heldur lítið á þau sem ritstjórnardæmi með það í huga að beina heimildartilvísun skortir.

Annars blandast saman heimildardæmi með beinni vísun til heimildar, dæmi eins og þessi:

*Skipasigliur **ber** í klettahjallana (JTrHeið. I. 5)*

*að brottför Sigrúnar hefði verið gjör til **bekkni** við (for at fortrædige) þá feðga (JThMk. 301)*

og dæmi sem engin heimild er við og ætla má að samin séu af ritstjóranum til stuðnings efnisatriðum greinarinnar og þeim skýringum sem hann setur fram:

*vagninn er ofveikur til að geta **borið** svo þunga byrði*

*þrettándann **ber** í ár upp á miðvikudag*

*hjer hefur ekki verið **beitsælt** í vetur*

Með hliðsjón af því sem ég sagði áðan er svo eðlilegast að líta á málshætti sem þriðju tegundina. Sú heimild sem þar er tilgreind hefur vitaskuld allt annað gildi en ritheimild um notkun orðs í frjálsum samhengi. Á hinn bóginn getur málsháttur heldur ekki talist endurspegla dæmigerða notkun eða einstakt notkunartilvik:

*betri er **beiskur** sannleiki en blíðmál lygi (GJ.)*

*frítt er að búa á fögrum vang, en betra samt á **bjargvænum** stað (SchMál.)*

*blíðyrðum er **blekkingarhætt***

Fróðlegt er að athuga fyrirferð þessara þriggja tegunda í stafkaflanum **b**:

Heimildardæmi	Ritstjórnardæmi	Málshættir
1023 52%	710 36%	238 12%

Tafla 1: Fyrirferð þriggja dæmategunda í stafkaflanum **b** í orðabók Blöndals

Og út frá þessum tölum má leika sér að því að áætla hversu mörg notkunardæmi af hverri tegund um sig séu í allri bókinni. Útkoman er þessi:

Heimildardæmi	Ritstjórnardæmi	Málshættir
u.þ.b. 15.000	u.þ.b. 10.400	u.þ.b. 3.500

Tafla 2: Áætluð fyrirferð þriggja dæmategunda í orðabók Blöndals

Það sem hér vekur athygli, fyrir utan það hversu málshættir eru áberandi í textanum, er það að heimildardæmi skuli hafa yfirhöndina gagnvart ritstjórnardæmum, sérstaklega með tilliti til þess að um tvímála orðabók er að ræða.

### 3.1 Heimildardæmi.

Heimildardæmi gegna margs konar hlutverki og skipa sér með ýmsum hætti í orðabókartextanum. Meginhlutverkið er að staðfesta tiltekið efnisatriði, vitna t.d. um ákveðna merkingu eða merkingarabrigði.

Stundum hefur dæmið beinlínis að geyma skýringu eða skilgreiningu á því hugtaki sem orðið vísar til (umfram merkingarskýringu bókarinnar):

**blásturs-járn** [...] raat, nysmæltet Jærn: *Blástursjárn var það kallað, er fyrst rann saman í hnött eða hellu fyrir afli smiðjunnar* (ÞThLýs. II. 236)

**1 buðlungur** [...] — **2.** Fiske opstablede til Törring paa en særlig Maade: *b. er fiskahlaði þannig úr garði gerður, að fiskarnir eru látnir standa á hnökkunum og ná saman með sporðana; þorna fiskar mæta vel í buðlungum* (ÓDav.)

Algengara er þó að staðfestingin sé fólgin í notkun orðsins eins og hún birtist í dæminu. Í lýsingu orðsins *ból* er 3. liður bundinn merkingunni 'hellir':

— **3.** (*hellir*) naturlig Hule, is. om saadanne, der kan anvendes til Op-holdssted for Faar: *þar eru fram með fljótinu óteljandi ból eða hellar, og heita þar Þverárhellar* (ÞThLfr. III. 156)

Og annað merkingarafbrigði sagnarinnar *brella* er staðfest með eftirfarandi dæmi:

**brella** [...] 2. kæle for: *hún sagði ekkert vinarorð né brellaði hann, eins og hann þó átti að venjast af henni* (Eimr. XI. 222)

Hér er gildi heimildardæma í rauninni ekki fólgið í því einu að staðfesta tiltekna merkingu heldur gegna dæmin jafnframt því hlutverki að vekja traust notandans á skýringum bókarinnar og þar með á orðabókinni í heild.

Talsvert er um að heimildardæmi séu tilgreind til marks um yfirfærða merkingu orðs eða orðasambands, þar sem eiginleg merking er hins vegar skýrð án tilstillis dæmis:

**brott-laga** [...] det at tage el. sejle bort (spec. efter et Søslag); — i overf. Bet.: *En það að skilja að blásið er til brottlögu ... það á ekkert skylt við að skilja hugsun tónskáldsins* (GFHh. 292)

**bumbult** [...] *e-m er (verður) b.*, en har (faar) Uro i Maven, Trykken for Brystet, Kvalmefornemmelser; — ogs. overf.: *varð heimastjórnamönnum eigi b. af að feta dyggilega í fótspor hinna gömlu þjóðaródrengja* (Ísaf. '12, 5)

*hleypta skipi til brots*, sejle et Skib paa Grund, saa at det forliser, sejle i Kvag; — ogs. i overf. Bet.: *eg væri að minsta kosti óhræddur við að hleypta öllum mínum skipum til brots* (Alþ. '11, B. I. 757)

Ekki verður um það sagt hvort eftirfarandi dæmi er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli lesandans á þeirri yfirfærðu merkingu (eða öllu heldur persónugervingu) sem þar kemur fram:

**bera** [...] *bera beinin* (el. *bein sín*), ende sine Dage; *þar bar auður þeirra beinin og þeir sjálfir með*, der havnede deres Rigdom og de selv med (JSVb. 144)

Það sem hér skiptir höfuðmáli er að orðnotkunin í heimildardæmunum sker sig úr, vekur athygli í samanburði við þá almennu notkun eða merkingu sem liggur til grundvallar. Þar með erum við komin að öðru veigamiklu hlutverki heimildardæma sem víða er áberandi í orðabók Blöndals. Dæmin hafa sem sé öðrum þræði það sem nefna má athyglisgildi, þau eiga að draga athygli lesandans að orðlýsingunni með því að búa yfir einhverju sem kemur lesandanum á óvart eða hann gengur a.m.k. ekki að sem vísu.

Stundum er athyglisgildið fólgið í upplýsingum sem ekki varða notkunareinkenni orðsins heldur þjóðfélagið, venjur þess, siði, þjóðtrú o.s.frv., sbr. eftirfarandi heimildardæmi um orðasambandið *beiða upp*:

**beiða** [...] *beiða upp*, (om Koer) blive parrelysten igen lige efter Bedækningen paa Grund af at den ikke er blevet drægtig: *ef kýr beiddi upp, átti að bíta fast í hrygginn á henni, þegar búíð var að halda henni, þá hélt hún* (Eimr. XII. 110)

Oftar er það þó orðið sjálft og notkun þess sem athyglin á að beinast að, eins og fram kom í dæmunum hér á undan. Og þá er það ekki alltaf breytileiki í merkingu heldur einnig beinlínis sá frumleiki sem felst í myndun orðsins sem er hvatinn að birtingu dæmisins:

**brennivíns-kastali** [...] egl. Spiritusborg; — i overf. Bet. om Steder, hvor der udskænkes megen Spiritus; om Kystdamperne: *hér flýtur hver brennivínskastalinn eftir annan í kring um landið* (Alþ. '11, B. 665)

**brútaekur** [...] som man kan bygge Bro over: *mönnum hefir einmitt nú nýlega hugkvæmst að áin sé brútaek, með kostnaði, sem kallast má bærulegur* (Alþ. '11, B. II. 1388)

**bágmistur** [...] som man vanskelig kan undvære: *það bágmist var þér* (StStAndv. III. 192)

Þegar þetta sjónarmið fær að njóta sín er ekki að undra þótt kveðskapardæmi séu fyrirferðarmikil í textanum. Og þar með er komið til sögunnar annað atriði sem getur verið hvati að heimildardæmi í orðabókartextanum en það er áhugi á einstökum höfundi, höfundareinkennum eða höfundarverki.

Hér á undan kom fram dæmi úr kveðskap Stephans G. Stephanssonar. Kvæði Stephans eru drjúg uppspretta heimildardæma í orðabókinni, og oft eru þau dæmi til vitnis um einstaklingsbundna myndun eða skáldskaparleg tilþrif fremur en almennt mál:

**beinsorfinn** [...] (om et Ben) hvor af alt Kød er pillet, saal. at kun Benet er tilbage: *b. handleggur benti til bergsins* (StStAndv. II. 304)

**blágljár** [...] blaa og glinsende: *tillitið blágljáu augnanna* (StStAndv. III. 38)

**bótleysa** [...] ingen Bod, ingen Erstatning, Skade: *því árþriðjungsbrotinu er b. að* (er til Skade) (StStAndv. I. 193)

Það er athyglisvert að öll þessi dæmi, og reyndar fleiri úr kveðskap Stephans G., eru einnig stakdæmi í seðlasafni Orðabókar Háskólans. Það er til marks um sameiginlegan áhuga á því orðfæri sem einkennir kvæði hans og staðfestir um leið að um einstaklingsbundið málfar er að ræða. Ég nefni Stephan G. aðeins sem skýrt dæmi um höfund sem mikið kveður að í orðabókartextanum, þeir eru vissulega fleiri. Þar má t.d. nefna Guðmund Friðjónsson, en mörg þeirra dæma sem tilgreind eru úr kveðskap hans eru einnig stakdæmi í seðlasafni Orðabókarinnar.

Efnisatriði af þessu tagi sýna að notendum er ætlað að njóta orðabókartextans sem vitnisburðar um fjölbreytileika og köpunarmátt tungunnar, og það sjónarmið kemur ekki aðeins fram í þeirri áherslu sem lögð er á skáldskapardæmi heldur mótar það sjálft flettiorðavalið að talsverðu leyti. Segja má að þessi einkenni standi víða í vegi fyrir því



að notandinn geti gengið að einstökum efnisatriðum á vísnum stað í orðabókartextanum. Í augum kröfuharðra orðabókarnotenda nú á dögum er þetta vitaskuld galli. En ekki er sanngjarn að meta gildi orðabókar Blöndals út frá samtímahugmyndum um efnisskipan orðabóka heldur verður að hafa í huga þau viðhorf og þær venjur sem uppi voru þegar bókin var samin og það margþætta en vissulega lítt skilgreinda hlutverk sem henni var ætlað að gegna.

### 3.2 Ritstjórnardæmi

Ég hef drepið á nokkur atriði sem mér sýnist móta stöðu og meðferð heimildardæma í orðabók Blöndals. Hlutverk ritstjórnardæma er í grundvallaratriðum annars konar. Gagnvart notandanum gegna þau fyrst og fremst lýsandi hlutverki, eru stök lýsandi dæmi um tiltekna notkun eða merkingu. Algengast er að slík dæmi hafi eins konar áréttingar- eða fullnaðargildi til viðbótar undanfarandi efnisatriði (merkingarskýringu, málfræðiatríði eða föstu orðasambandi af einhverju tagi):

**breyta** [...] *b. sjer í e-ð*, forvandle seg selv til n-t: *andinn breytti sjer í nautslíki*, Aanden paatog seg en Tyreskikkelse

**2. бага** [...] **2.** vt. med acc. el. dat.: genere, falde til Besvær, trykke: *heyrnarleysið bagar mig, fátæktin bagar honum*

Ég notaði í upphafi heitið **tilviksdæmi** um dæmi af því tagi sem fram kemur í fyrri textabútnum, og **mynsturdæmi** um orðasambandið sem það á við. Í síðari textabútnum kemur fram eins konar millistig milli þessara gerða, þar sem notað er persónuornafn í stað nafnorðs. Mörkin milli tilviksdæma og mynsturdæma eru annars víða óskýr í orðabók Blöndals, og hálfgilding mynsturdæmi koma fram í fleiri tilbrigðum:

**bákna** [...] **2.** (*fást við e-ð þungt*) arbejde med Besvær paa n-t (tungt el. vanskelligt): *þeir eru að b. við það*, de anstrænger seg derved.

**bangsast** [...] *b. upp á mann*, overfalde en med Skældsord el. Slag.

**bera** *út af eign (af bæ osfr.)*, udsætte ved en Fogedforretning (fra sin Ejendom, Gaard osv.): *bóndinn í Litladal var borinn út þaðan* (JÁÞj. I. 398)

Þó að ritstjórnardæmi séu að jafnaði knappar en heimildardæmi og búi ekki yfir höfundarsérkennum til jafns við þau er oft leitast við að láta þau endurspegla raunveruleg ummæli:

**1. bæði** [...] *b. er það, að þú ert búinn að taka við peningunum, enda væri þjer það í óhag að rifta kaupunum*

Ummælin verða ennþá raunverulegri þegar höfundurinn sjálfur hefur orðið, og þeir sem hafa fengist við sömu iðju skynja alvöru málsins:

*jeg er að berjast við þessa orðabók*

Og fyrir kemur að dæmi úr munni ritstjórans er látið vitna um yfirfærða merkingu, líkt og um heimildardæmi væri að ræða. Það ágæta dæmi sem hér fer á eftir og ég geri að niðurlagsorðum greinarinnar má einnig hugleiða í ljósi þess sem ég hef reynt að leggja áherslu á hér að framan, að hlutverk notkunardæma er ekki síst í því fólgið að vera til bragðbætis í þurrum og stundum bragðdaufum orðabókartexta:

**bragð-bætir** [...] *nú skal jeg gefa ykkur dálítið til bragðbætis ofan á alt þetta rusl, sem jeg hef verið að lesa upp fyrir ykkur.*